

Ed.

298. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er fylgifrumvarp með frv. til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, og er efni þess, að hækkaður skuli verðtollur á sjónvarpsviðtækjum og útvarpsviðtækjum úr 80% í 100%, en sú hækkun er talin sem næst jafngilda einkasölugjaldi því, sem Viðtækjaverzlun ríkisins hefur innheimt. Þar sem einkasölugjaldið hefur verið 30% af hljóðvarpsviðtækjum, en 15% af sjónvarpsviðtækjum, verður afleiðing af samþykkt þessa frv. sú, að sjónvarpsviðtæki munu hækka nokkuð í verði (um ca. 6%), en útvarpsviðtæki hins vegar lækka (um ca. 8%).

Við afgreiðslu frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum var gerð rækileg grein fyrir þeirri stefnu Alþýðubandalagsins, að fremur hefði átt að efla Viðtækjaverzlun ríkisins og gera hana aftur hæfa til að gegna hlutverki sínu en leggja hana niður, og í samræmi við þá skoðun greiddum við, þm. Alþýðubandalagsins, atkvæði gegn því frumvarpi. Þar sem hér er í raun um sama málið að ræða, mun ég því ekki veita þessu frv. stuðning.

Alþingi, 5. marz 1967.

Björn Jónsson.